

- b) Íbúðarhús kr. 45,55 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
- c) Iðnaðarhús kr. 22,80 fyrir hvern mínútulítra á mánuði um hemil.
- d) Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 8,15 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald kr. 0,50 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 0,30 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utanmál húsa.
- c) Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir, ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 2. Hemlagjöld.

- a) Fyrir hemla allt að  $\frac{3}{4}$ " kr. 32,40 á mánuði.
- b) Fyrir hemla 1"—2" kr. 57,55 á mánuði.
- c) Fyrir hemla 3" og stærri kr. 103,00 á mánuði.

## 3. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

### 7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 rúmm. kr. 5 760,00 og kr. 4,30 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 7 940,00 af sekl.

Heimæðagjald skal greiða, þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Stofngjald fyrir hvern aðrennsilshemil umfram einn á sama inntaki er kr. 480,00.

### 9. gr. orðist þannig:

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 120,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 2. janúar 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi  
nr. 77 7. febrúar 1979.

### 5. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir á mánuði:

## 1. Hemlagjald:

- a) Fyrir hemla allt að  $\frac{3}{4}$ " kr. 8,80.
- b) Fyrir hemla 1"—2" kr. 17,60.

2. Vatnsgjald kr. 13,20 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.
3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr. orðist svo:

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 5 060,00.

Hús 400—2000 m<sup>3</sup> kr. 5 060,00 fyrir 400 m<sup>3</sup> og kr. 4,45 á hvern rúmm. þar fram yfir.

Hús stærri en 2000 m<sup>3</sup> kr. 12 180,00 fyrir 2000 m<sup>3</sup> og kr. 3,15 á hvern rúmm. þar fram yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheimil umfram einn á sama inntaki er kr. 760,00.

Heimæðagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr. orðist svo:

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, 1. janúar 1981 626 stig, breytist, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

10. gr. orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 22,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 2. janúar 1981 samanber auglýsingu nr. 3/1981 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1981.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

## G J A L D S K R Á

### Hitaveitu Selfoss.

#### I Heitt vatn.

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 2,35 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 642,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnaði, 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>, en fyrir iðnaðarhúsnaði, 0,5 l/mín. fyrir hverja 100m<sup>3</sup>.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnaðis.